

Reykjavík 13. maí 2014

Framanskráða rekstrar-og efnahagsreikninga fyrir samstæðuna HRFÍ og RA ehf hef ég skoðað og vil koma eftirfarandi á framfæri:

Allar greiðslur fyrir þjónustu og aðföng skulu fást á löglegum reikningum móttakenda greiðslna.


Vefkerfi félagsins er eignfært síðastliðin ár upp á kr. 3.603.299. Þetta kerfi er ekki í notkun og spurning hvort það verður notað. Eðlilegt að afskrifa hugbúnað sem þennan að fullu eða í áföngum en ekki að eignfæra hann þrátt fyrir að hann hafi ekki verið tekinn í notkun

Vegna skuldaniðurfellingar er birtur hagnaður ársins villandi fyrir almennan félagsmann. Hagnaður ársins er ekki kr. 11.737.356 því þar inni er niðurfelling láns upp á kr. 8.047.791 færð til tekna og afskrift v. RA ehf upp á kr. 4.766.027 færð til gjalda. Samkvæmt því er rekstrarárangur nær átta og hálfri milljón.

Skoða þarf hvort ekki sé rétt að meta húsnæði félagsins upp á nýtt og færa nær raunverðmæti sem er skv. markaðsvirði sambærilegra eigna í hverfinu í sambærilegu ástandi upp. 29. milljónir.

Ég tók að mér að vera félagskjörinn skoðunarmaður reikninga fyrir síðasta ársfund gegn því að koma oftast að skoðunum reikninga yfir árið en ekki rétt fyrir aðalfund félagsins og var kosinn til þeirra starfa. Reyndin var sú að það stóðst ekki og vænti ég þess að úr verði bætt.

Stjórn HRFÍ og framkvæmdastjóri hafa náð að snúa við rekstrinum sem er vel og samþykki ég reikninga félagsins með ofangreindum ábendingum mínum.



Pétur Alan Guðmundsson